

**Gátlisti**  
**Upplýsingagjöf vegna umsóknar um skráningu sem lánamiðlari (einstaklingur),**  
**sbr. XIV. kafla laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda**

Nr.	Lagatilvísun	Efni
	<b>47. gr.</b>	<b>Umsókn einstaklings sem hyggst starfa sem lánamiðlari í eigin nafni skal vera skrifleg og ítarleg og undirrituð af hlutaðeigandi. Umsókninni skulu fylgja:</b>
<b>1.</b>	<b>1. og 3. tl. 1. mgr. 47. gr.</b>	<b>Upplýsingar um einstakling sem hyggst starfa sem lánamiðlari í eigin nafni og aðra starfsmenn</b>
1.1		Eftirfarandi upplýsingar um einstakling sem hyggst starfa sem lánamiðlari í eigin nafni: <ul style="list-style-type: none"> <li>- <u>Spurningalisti vegna mats á hæfi</u></li> </ul> Ef breytingar verða á högum einstaklings og varðað geta hæfi viðkomandi sem lánamiðlara skal Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) upplýst um slíkar breytingar.
<b>2.</b>	<b>2. tl. 1. mgr. 47. gr.</b>	<b>Starfsábyrgðartrygging</b>
2.1	2. mgr. 47. gr. og V. kafli reglugerðar nr. 270/2017 um fasteignalán til neytenda.	Staðfesting frá váttryggingafélagi um starfsábyrgðartryggingu.
<b>3.</b>	<b>II. og III. kafli</b>	<b>Upplýsingar um starfsskipulag og starfsemi</b>
3.1		Ítarleg umfjöllun um starfsskipulag, þ.m.t. lýsingu á ferli við lánamiðlun, samskiptum við lánveitendur, framkvæmd lánsþæfis- og greiðslumats, upplýsingakerfum og varðveitingu gagna. Þá er óskað upplýsinga um afgreiðslustaði og fjölda starfsmanna.
3.2	48. gr.	Upplýsingar um hvort fyrirhugaður lánamiðlari hyggst starfa sem samningsbundinn eða ósamningsbundinn lánamiðlari. Ef hann hyggst vera samningsbundinn lánamiðlari, er óskað upplýsinga um hlutaðeigandi lánveitanda.
3.3	IX. kafli	Upplýsingar um hvort fyrirhugaður lánamiðlari hyggst veita lánaráðgjöf samhliða lánamiðlun.
3.4	9. gr. og III. kafli reglugerðar nr. 270/2017 um fasteignalán til neytenda	Upplýsingar um það að starfsmenn fyrirhugaðs lánamiðlara fullnægi kröfum um þekkingu og hæfni, t.d. ferilskrár þeirra.
3.5	6. gr.	Upplýsingar um starfskjör starfsmanna fyrirhugaðs lánamiðlara, þ.e. hvort þau hafi áhrif á hæfi þeirra að starfa í samræmi við góða viðskiptahætti.

<b>4.</b>		<b>Aðrar viðeigandi upplýsingar</b>
4.1		Netfang til móttöku dreifibréfa frá Fjármálaeftirlitinu (óháð einstökum starfsmönnum).
4.2		Nafn, sími og netfang ábyrgðarmanns umsóknar um skráningu.
<b>5.</b>	<b>Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka</b>	<b>Lánamiðlarar falla undir lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Með hliðsjón af framangreindu skulu umsókn einnig fylgja eftirfarandi upplýsingar sem snúa að fylgni við lög nr. 140/2018:</b>
5.1	1. mgr. 5. gr.	Skriflegt áhættumat sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í rekstri og viðskiptum.
5.2	4.-6. mgr. 5. gr.	Skjalfest stefna, upplýsingar um stýringar og verkferlar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjalla m.a. um: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Aðferðir við mildun áhættu og framkvæmd og tegundir áreiðanleikakönnunar með hliðsjón af fyrirliggjandi áhættumati.</li> <li>b. Reglubundið eftirlit, s.s. hvaða eftirlitskerfi og/eða aðferðir og ferlar eru notaðir.</li> <li>c. Könnun á hæfi starfsmanna.</li> <li>d. Innra eftirlit og tilnefningu ábyrgðarmanns auk upplýsinga um skyldur og hlutverk hans.</li> <li>e. Rannsókn á grunsamlegum viðskiptum þar sem m.a. er fjallað um skylduna til að rannsaka grunsamleg viðskipti, rauð flögg og vápætti sem ber að þekkja í starfseminni, viðmið og aðferðir sem beita skal við rannsókn og skriflega skýrslugerð um rannsókn.</li> <li>f. Tilkynningar um grunsamleg viðskipti þar sem m.a. er fjallað um skylduna til að tilkynna grun til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, form og efni tilkynninga, trúnaðar- og þagnarskyldu o.fl.</li> </ul>
5.3	III. kafli	Spurningalisti sem lagður er fyrir viðskiptamenn vegna áreiðanleikakönnunar.
5.4	33. gr.	Upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að standa að þjálfun starfsmanna, m.a. fræðsluáætlun.
5.5	b-liður 5. mgr. 5. gr.	Upplýsingar um sjálfstæðan úttektaraðila til að framkvæma úttekt á og prófa innri stefnu, eftirlit og málsmeðferð.
5.6	1. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2019 um frýgingu fjármuna o.fl.	Upplýsingar um viðeigandi eftirlitskerfi til að meta hvort viðskiptamenn eru á listum yfir þvingunaraðgerðir.